



Persónuverndarstefna

Uppfært: 16. janúar 2026

Ölgerðin Egill Skallagrímsson hf. („**Ölgerðin**“) og dótturfélög þess, þ.m.t. Danól ehf. („**Danól**“) og Collab ehf. („**Collab**“), hafa einsett sér að tryggja áreiðanleika, trúnað og öryggi þeirra persónuupplýsinga sem unnið er með innan samstæðunnar.

Persónuverndarstefna þessi nær til persónuupplýsinga er varða einstaklinga sem eru í viðskiptum eða setja sig í samband við Ölgerðina, Danól og/eða Collab, tengiliði sem koma fram fyrir hönd lögaðila í viðskiptum við félögin, tengiliði birgja, eftirlitsstjórnvalda og annarra aðila sem eru í samskiptum við félögin, verktaka og þá einstaklinga sem heimsækja starfsstöðvar félaganna (hér eftir sameiginlega vísað til „**þín**“).

Persónuverndarstefnu þessari er ætlað að upplýsa þig um hvaða persónuupplýsingum félögin safna, í hvaða tilgangi og með hvaða hætti félögin nýta slíkar persónuupplýsingar.

Í þeim tilvikum er þú ert í samningssambandi eða í samskiptum við Ölgerðina kemur Ölgerðin fram sem svokallaður ábyrgðaraðili í skilningi persónuverndarlaga. Í þeim tilvikum er þú ert í samningssambandi eða í samskiptum við Danól eða Collab koma Danól og Ölgerðin annars vegar, og Collab og Ölgerðin hins vegar, fram sem svokallaðir sameiginlegir ábyrgðaraðilar, þar sem Danól og Collab útvista að stórum hluta starfsemi sinni til Ölgerðarinnar. Í stefnu þessari er því til einföldunar vísað til „**Ölgerðarinnar**“, „**félagsins**“ eða „**okkar**“ jafnvel þó svo að vinnslan varði jafnframt Danól og/eða Collab, eftir því sem við á.

Ef þú ert í vafa um það hvernig þessi stefna varðar þig, vinsamlega hafðu samband við persónuverndarfulltrúa Ölgerðarinnar fyrir frekari upplýsingar. Samskiptaupplýsingar persónuverndarfulltrúa Ölgerðarinnar koma fram í lok stefnunnar.

1. Tilgangur

Ölgerðin leitast við að uppfylla í hvívetna persónuverndarlöggjöf og er stefna þessi byggð á lögum nr. 90/2018 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga („**persónuverndarlög**“).

Persónuupplýsingar í skilningi stefnu þessarar eru hvers kyns upplýsingar um persónugreindan eða persónugreinanlegan einstakling, þ.e. upplýsingar sem hægt er að rekja beint eða óbeint til ákveðins einstaklings. Gögn sem eru ópersónugreinanleg teljast ekki persónuupplýsingar.

2. Persónuupplýsingar sem Ölgerðin vinnur

2.1 Viðskiptavinir félagsins

Við söfnum og varðveitum ýmsar persónuupplýsingar um viðskiptavini okkar. Ólíkum persónuupplýsingum kann að vera safnað um þig eftir því hvort þú sért sjálf/ur í viðskiptum við félagið eða hvort þú komir fram fyrir hönd lögaðila í viðskiptum við félagið.

Eftirfarandi eru þær upplýsingar sem Ölgerðin vinnur um einstaklinga sem eru í viðskiptum við félagið:

- samskiptaupplýsingar, svo sem nafn, símanúmer og netfang;
- kennitala;
- upplýsingar um láns hæfi;
- upplýsingar úr samskiptum;
- reikningsupplýsingar;
- viðskiptasamningar; og
- upplýsingar vegna innheimtuaðgerða.

Eftirfarandi eru þær upplýsingar sem Ölgerðin vinnur um einstaklinga sem koma fram fyrir hönd lögaðila í viðskiptum við félagið:

- samskiptaupplýsingar, svo sem nafn, símanúmer og netfang;
- netfang vegna þjónustukönnunar;
- samskiptasaga;
- upplýsingar vegna sjálfskuldarábyrgðar; og
- upplýsingar um láns hæfi prókúruhafa.

Auk framangreindra upplýsinga kann Ölgerðin einnig að safna og vinna aðrar upplýsingar sem viðskiptavinir eða forsvarsmenn/tengiliðir viðskiptavinar láta félaginu sjálfir í té sem og upplýsingar sem eru félaginu nauðsynlegar vegna starfsemi þess. Upplýsingarnar eru unnar fyrst og fremst til að geta efnt samninga við viðskiptavini félagsins, en einnig á grundvelli lögmætra hagsmuna okkar af því að tryggja að viðskiptavinir félagsins fái góða þjónustu, s.s. með rannsókn á kvörtunum og framkvæmd þjónustukannanna.

Þá áskilur félagið sér að senda fréttabréf og markpóst á viðskiptavini og forsvarsmenn viðskiptavina. Slík vinnsla byggir á lögmætum hagsmunum Ölgerðarinnar og móttakandi hefur ávallt rétt til að andmæla slíkri vinnslu og afskrá sig af póstlistum.

Að meginstefnu til aftar Ölgerðin persónuupplýsinga beint frá viðskiptavini eða forsvarsmanni hans. Upplýsingar kunna þó jafnframt að koma frá þriðju aðilum, s.s. Credit Info í þeim tilfellum þar sem

einstaklingur óskar eftir að vera í reikningsviðskiptum við félagið. Sé persónuupplýsinga aflað frá þriðja aðila í öðrum tilvikum mun félagið leitast við að upplýsa viðskiptavini um slíkt.

Upplýsingar um viðskiptavini og forsvarsmenn/tengiliði viðskiptavina eru að meginstefnu til varðveittar í 4 ár frá því að viðskiptasambandi lýkur. Sé um að ræða upplýsingar sem falla undir bókhaldslög ber félaginu skylda til að varðveita þær eru þær í 7 ár frá lokum viðkomandi reikningsárs. Upplýsingar er tengjast kvörtunum viðskiptavina kann að vera nauðsynlegt að varðveita lengur, t.d. ef kvörtunin gefur til kynna að heilsutjón hafi hlotist.

2.2 Einstaklingar sem setja sig í samband við Ölgerðina

Ölgerðinni berast ýmsar fyrirspurnir og ábendingar frá neytendum, s.s. með tölvupósti og í gegnum samfélagsmiðla félagsins, sem innihalda persónuupplýsingar. Sendir þú beiðni, ábendingu eða fyrirspurn til félagsins höfum við lögmæta hagsmuni af því að varðveita tengiliðaupplýsingar þínar, s.s. nafn, símanúmer og netfang til að fylgja erindi þínu eftir og eftir atvikum bæta tjón eða galla á vöru.

Upplýsingar sem berast félaginu frá neytendum eru almennt ekki varðveittar hjá félaginu lengur en í 4 ár frá því að erindið berst, nema ef erindið gefur til kynna að heilsutjón hafi orðið, en er þá tilefni til lengri varðveislu.

Á heimasíðu félagsins, www.olgerdin.is, er unnið með vefkökur. Nánari upplýsingar um vinnslu persónuupplýsinga er tengjast notkun á slíkum vefkökum má finna í vefkökuborða þeim sem birtist á vefsíðu félagsins. Með því að smella á tannhjól er birtist vinstra megin neðst á heimasíðu félagsins má ávallt heimsækja stillingar og afla upplýsinga um þær vefkökur sem nýttar eru á síðunni.

2.3 Tengiliðir birgja, eftirlitstjórnvalda og annarra

Vinnsla persónuupplýsinga um tengiliði birgja kann að vera nauðsynleg til að efna samning félagsins við viðkomandi birgja, en félagið hefur einnig lögmæta hagsmuni af slíkri vinnslu í þeim tilgangi að einfalda samskipti og bæta samstarf við birgja. Upplýsingarnar sem um ræðir eru eftirfarandi:

- samskiptaupplýsingar, svo sem nafn, símanúmer og netfang;
- starfsheiti; og
- upplýsingar úr samskiptum.

Auk framangreindra upplýsinga kann Ölgerðin einnig að safna og vinna aðrar upplýsingar sem tengiliðir láta félaginu sjálfir í té. Upplýsingarnar koma að meginstefnu til beint frá tengilið, en þær kunna jafnframt að koma frá öðrum stjórnendum eða starfsfólki viðkomandi birgja.

Í tengslum við aðra tengiliði, þ.m.t. tengiliði eftirlitsstjórnvalda, s.s. tollayfirvalda, og úttektaraðila, vinnur Ölgerðin með samskiptaupplýsinga og starfsheiti. Eigi sér stað samskipti í gegnum tölvupóst er einnig unnið með slíka samskiptasögu. Vinnsla þessi fer fram á grundvelli lögmætra hagsmuna, og eftir atvikum lagaskyldu þegar um eftirlitsaðila er að ræða.

Upplýsingum um tengiliði er eytt eða þeim breytt þegar félagið fær vitneskju um að breytingar hafa orðið á tengiliðaupplýsingum. Upplýsingar er tengjast tengiliðum birgja eru að meginstefnu til ekki varðveittar lengur en í 4 ár frá lokum samningssamband félagsins og viðkomandi birgja, nema um sé að ræða upplýsingar sem falla undir gildissvið bókhalds- og tollalaga en í slíkum tilvikum er um 7 ára varðveisluskyldu að ræða.

2.4 Verktakar

Ölgerðin safnar persónuupplýsingum um verktaka sem starfa fyrir félagið en vinnsla upplýsinganna kann að fara eftir eðli þeirra verkefna sem viðkomandi sinnir fyrir félagið.

Eftirfarandi eru þær upplýsingar sem Ölgerðin kann að safna um þig sem verktaka, svo félagið geti uppfyllt skyldur sínar á grundvelli verktakasamnings:

- samskiptaupplýsingar, svo sem nafn, kennitala, netfang og símanúmer;
- upplýsingar um menntun, þjálfun og reynslu; og
- reikningsupplýsingar.

Auk framangreindra upplýsinga kann Ölgerðin einnig að safna og vinna aðrar upplýsingar sem verktakar láta félaginu sjálfir í té sem og upplýsingar sem eru félaginu nauðsynlegar vegna starfsemi þess, s.s. upplýsingar úr öryggiskerfum í húsnæði Ölgerðarinnar.

Ef þú starfar fyrir félagið sem áhrifavaldur vinnur félagið jafnframt með persónuupplýsingar af samfélagsmiðlum þínum og framkvæmir frammistöðumat í kjölfar herferðar á grundvelli lögmætra hagsmuna félagsins.

Upplýsingarnar koma að meginstefnu til beint frá þér, en þær kunna jafnframt að koma frá þriðja aðila, s.s. frá ráðgjafafyrirtækjum sem greina árangur herferða á samfélagsmiðlum. Félagið kann einnig að miðla persónuupplýsingum til sambærilegra ráðgjafafyrirtækja í þeim tilgangi að greina árangur samstarfs.

Upplýsingar um verktaka eru almennt ekki varðveittar lengur en í 4 ár frá lokum verkefnis eða verksamnings, nema um sé að ræða upplýsingar sem falla undir bókhaldslög, en félaginu ber skylda til að varðveita slíkar upplýsingar í 7 ár frá lokum viðkomandi reikningsárs. Kjósi félagið að varðveita

upplýsingar lengur um þá verktaka sem starfað hafa fyrir félagið er óskað eftir samþykki fyrir þeirri varðveislu.

2.5 Verktakar

Þegar einstaklingar heimsækja starfsstöð Ölgerðarinnar ber þeim að skrá sig inn í gestaskráningarkerfi félagsins. Unnið er með nafn viðkomandi sem og upplýsingar um þann starfsmann félagsins sem viðkomandi einstaklingar fyrirhugar að hitta. Valkvætt er að færa inn upplýsingar um síma og netfang. Ölgerðin vinnur þessar upplýsingar á grundvelli lögmætra hagsmuna sinna, annars vegar í skipulagslegum tilgangi og hins vegar í öryggis- og eignavörslutilgangi ef upp koma frávik eða atvik sem bregðast þarf við.

3. Rafræn vöktun í húsnæði Ölgerðarinnar

Í öryggis- og eignavörsluskyni og á grundvelli lögmætra hagsmuna Ölgerðarinnar, og eftir atvikum starfsfólks félagsins, er notast við myndavélaeftirlit í og við húsnæði félagsins. Vakin er athygli á notkun öryggismyndavéla með þar til gerðum merkingum.

Hafir þú, t.d. sem verktaki, aðgang að aðgangsstýrðum rýmum í húsnæði félagsins kann upplýsingum um ferðir þínar um húsnæðið einnig að vera safnað í öryggis- og eignavörsluskyni.

Upplýsingar sem safnast með rafrænni vöktun eru ekki varðveittar lengur en í 90 daga, nema slík varðveisla sé nauðsynleg til að gera eða afmarka kröfu.

4. Markaðsmál og viðburðir á vegum Ölgerðarinnar

Ölgerðin stendur fyrir ýmsum viðburðum auk þess að hafa aðkomu að viðburðum sem haldnir eru af hálfu þriðju aðila. Félagið áskilur sér rétt til þess að taka myndir á slíkum viðburðum og nota í markaðstilgangi. Slík vinnsla fer fram á grundvelli lögmætra hagsmuna félagsins.

5. Miðlun upplýsinga til þriðju aðila

Ölgerðin nýtir ýmsa ráðgjafa og þjónustuveitendur í starfsemi sinni. Flestir af þessum aðilum koma fram sem svokallaðir vinnsluaðilar af hálfu félagsins, reynist þörf á að miðla persónuupplýsingum til slíkra aðila. Dæmi um það eru þjónustuveitendur sem veita félaginu upplýsingatækniþjónustu og hýsa kerfi félagsins, þjónustuveitendur er aðstoða félagið í tengslum við þjónustukannanir, útsendingu markpósta o.s.frv. Í öðrum tilvikum koma ráðgjafar fram sem sjálfstæðir ábyrgðaraðilar og kann félaginu að vera nauðsynlegt að miðla afmörkuðum persónuupplýsingum til slíkra aðila, s.s. til lögfræðinga og endurskoðenda félagsins. Í tengslum við innheimtu á tilgreind miðlun persónuupplýsinga sér jafnframt stað til aðila sem veita félaginu innheimtuþjónustu.

Í þeim tilvikum þegar samið er um flutning á vöru til viðskiptavinar þarf Ölgerðin í einhverjum tilvikum að miðla afmörkuðum upplýsingum til flutningsaðila.

Í tengslum við mögulega sölu á félaginu, í heild eða hluta, kann félaginu að vera nauðsynlegt að miðla afmörkuðum persónuupplýsingum til mögulegra fjárfesta eða ráðgjafa þeirra. Slík miðlun byggir á lögmætum hagsmunum félagsins.

Persónuupplýsingar þínar kunna jafnframt að vera afhentar þriðja aðila að því marki sem heimilað er eða krafist er á grundvelli viðeigandi laga eða reglna, s.s. til Tollstjóra og Ríkisskattstjóra vegna eftirlitshlutverks þeirra með áfengisframleiðslu- og innflutningi.

Að lokum gætu persónuupplýsingar um þig verið afhentar að því marki sem heimilað er eða krafist er á grundvelli viðeigandi laga eða reglna eða til að bregðast við löglegum aðgerðum eins og húsleitum, stefnum eða dómsúrskurði.

6. Öryggi þeirra persónuupplýsinga sem unnið er með

Ölgerðin leitast við að grípa til viðeigandi tæknilegra og skipulegra ráðstafana til að vernda þær persónuupplýsingar sem félagið vinnur með, með sértöku tilliti til eðlis þeirra. Þessum ráðstöfunum er ætlað að vernda persónuupplýsingar gegn því að þær glatist eða breytist fyrir slysi og gegn óleyfilegum aðgangi, afritun, notkun eða miðlun þeirra. Dæmi um öryggisráðstafanir sem Ölgerðin grípur til eru aðgangsstýringar í kerfum félagsins, aðgangsstýringar í húsnaði félagsins, trúnaðarskylda starfsfólks o.s.frv.

7. Breytingar og leiðréttingar á persónuupplýsingum

Það er mikilvægt að þær persónuupplýsingar sem Ölgerðin vinnur með séu bæði réttar og viðeigandi. Því er mikilvægt að félaginu sé tilkynnt um allar breytingar sem kunna að verða á persónuupplýsingum þínum.

Þú átt rétt á því að óreiðanlegar persónuupplýsingar um þig séu leiðréttar. Að teknu tilliti til tilgangs vinnslu persónuupplýsinga átt þú jafnframt rétt á að láta fullgera ófullkomnar persónuupplýsingar um þig, þ.m.t. með því að leggja fram frekari upplýsingar.

Vinsamlega beindu öllum uppfærslum til persónuverndarfulltrúa Ölgerðarinnar.

8. Réttindi þín hvað varðar þær persónuupplýsingar sem félagið vinnur

Þú átt rétt á að fá staðfest hvort við vinnum persónuupplýsingar um þig eða ekki, og ef svo er getur þú óskað eftir aðgangi að upplýsingunum og hvernig vinnslunni er hagað. Þá kann einnig að vera að þú

hafir rétt á að fá afrit af upplýsingunum. Við ákveðnar aðstæður getur þú farið fram á það við félagið að við sendum upplýsingar, sem þú hefur sjálf/ur látið okkur í té eða stafa frá þér, beint til þriðja aðila.

Við ákveðnar aðstæður getur þú óskað eftir því að persónuupplýsingum um þig verði eytt án tafar, til að mynda þegar að varðveisla upplýsinganna er ekki lengur nauðsynleg miðað við tilgang vinnslunnar eða vegna þess að þú hefur afturkallað samþykki þitt fyrir vinnslu persónuupplýsinganna og engin önnur heimild liggur til grundvallar henni.

Viljir þú ekki láta eyða upplýsingum þínum, t.d. vegna þess að þú þarft á þeim að halda til að verjast kröfu, en vilt samt sem áður að þær séu ekki unnar frekar af hálfu félagsins getur þú óskað eftir því að vinnsla þeirra verði takmörkuð.

Sé vinnsla á persónuupplýsingum þínum byggð á lögmætum hagsmunum félagsins átt þú einnig rétt á að mótmæla þeirri vinnslu.

Framangreind réttindi þín eru þó ekki fortaklaus. Þannig kunna lög að skylda félagið til að hafna ósk um eyðingu eða aðgang að gögnum. Þá getur félagið hafnað beiðni þinni vegna réttinda félagsins, s.s. á grundvelli hugverkaréttar, eða réttinda annarra aðila, s.s. til friðhelgi einkalífs, telji félagið þau réttindi vega þyngra.

Ef upp koma aðstæður þar sem að félagið getur ekki orðið við beiðni þinni mun félagið leitast við að útskýra hvers vegna beiðninni hefur verið hafnað, þó með tilliti til takmarkana á grundvelli lagaskyldu.

9. Fyrirspurnir og kvörtun til Persónuverndar

Ef þú vilt nýta þér þau réttindi sem lýst er í 8. gr. í stefnu þessari, eða ef þú hefur einhverjar spurningar varðandi persónuverndarstefnu þessa eða það hvernig félagið vinnur með persónuupplýsingar þínar, vinsamlegast hafðu samband persónuverndarfulltrúa Ölgerðarinnar.

Ef að þú ert ósátt/ur við vinnslu félagsins á persónuupplýsingum getur þú sent erindi til Persónuverndar (www.personuvernd.is).

10. Samskiptaupplýsingar

Við höfum tilnefnt persónuverndarfulltrúa Ölgerðarinnar til að hafa umsjón með eftirfylgni þessarar persónuverndarstefnu. Hægt er að hafa samband við persónuverndarfulltrúa í gegnum netfangið, [personuvernd@olgerdin.is].

Samskiptaupplýsingar um félagið:

Ölgerðin Egill Skallagrímsson hf.

Grjóthálsi 7-11

110 Reykjavík

11. Endurskoðun

Ölgerðin getur frá einum tíma til annars breytt persónuverndarstefnu þessari í samræmi við breytingar á viðeigandi lögum eða reglugerðum eða vegna breytinga á því hvernig félagið vinnur með persónuupplýsingar.

Allar breytingar sem kunna að verða gerðar á stefnunni taka gildi eftir að uppfærð útgáfa hefur verið birt á heimasíðu félagsins.

Stefna þessi var sett árið 2018. Á fyrstu síðu má finna upplýsingar um hvenær hún var endurskoðuð síðast.